

**FUNDARGERÐ HLUTHAFAFUNDAR**  
**VÁTRYGGINGAFÉLAGS ÍSLANDS HF.**

Ár 2018, miðvikudaginn 27. júní, kl. 16:00, var haldinn hluthafafundur í Vátryggingafélagi Íslands hf., kt. 690689-2009, í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík.

Helga Hlín Hákonardóttir, stjórnarformaður, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Var Gunnar Sturluson lögmaður kjörinn fundarstjóri og Guðbjörg Helga Hjartardóttir lögmaður fundarritari.

Á fundinn voru mættir alls 29 hluthafar eða umboðsmenn hluthafa, sem fóru með samtals 1.385.366.367 atkvæði eða 62,90% af hlutafé í félaginu.

Fundarstjóri kannaði lögmati fundarins. Lýsti hann því yfir að fundurinn væri löglega boðaður og úrskurðaði fundinn lögmatan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans voru.

Eftirfarandi stjórnarmenn í aðalstjórn voru mættir á fundinn; Helga Hlín Hákonardóttir, Gestur Breiðfjörð Gestsson, Jón Sigurðsson og Valdimar Svavarsson. Helgi Bjarnason, forstjóri félagsins, var einnig mættur, sem og fulltrúi endurskoðanda félagsins, PricewaterhouseCoopers ehf., Kristinn F. Kristinsson.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

1. Tillaga að stefnu um fjármagnsskipan félagsins.
2. Tillaga að lækkun hlutafjár með greiðslu til hluthafa að fjárhæð kr. 1.800.000.000 með afhendingu hlutabréfa í Kviku banka hf.
3. Önnur mál löglega upp borin.

Var þá gengið til dagskrár:

### **1 Tillaga að stefnu um fjármagnsskipan félagsins**

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins:

*„Hluthafafundur VÍS, haldinn 27. júní 2018, samþykkir stefnu um fjármagnsskipan félagsins þannig að eiginfjárlutfall félagsins verði á bilinu 25-28% eftir þrjú til fimm ár og samhlíða verði dregið úr markaðsáhættu félagsins. Skal stjórn miða við að forsendur fyrir lækkun eigin fjár á hverjum tíma séu að sjálfbærni félagsins til framtíðar sé tryggð og að meðal annars verði litið til að (a) samsett hlutfall félagsins síðustu 12 mánuði sé undir 99%, (b) gjaldþolshlutfall félagsins haldist innan skilgreinds áhættuvilja stjórnar sem nú er á bilinu 1,35 – 1,70, (c) lausafjárstaða verði áfram sterk og (d) dregið verði úr markaðsáhættu.“*

Helgi Bjarnason, forstjóri félagsins, tók til máls og kynnti hugmyndir félagsins að baki tillögu stjórnar um fjármagnsskipan félagsins og gerði grein fyrir aðdraganda hennar.

Gaf fundarstjóri orðið laust um tillöguna. Enginn kvað sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

### **2 Tillaga að lækkun hlutafjár með greiðslu til hluthafa að fjárhæð kr. 1.800.000.000 með afhendingu hlutabréfa í Kviku banka hf.**

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins:

*„Hluthafafundur VÍS, haldinn 27. júní 2018, samþykkir að hlutafé félagsins verði lækkað á grundvelli 2. tl. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, með greiðslu til hluthafa að*

fjárhæð kr. 1.800.000.000, og verður lækkunin greidd með afhendingu hlutabréfa í Kviku banka hf. Fjöldi hlutabréfa í Kviku banka hf. sem afhent verða hluthöfum á greiðsludegi skal miða við meðalverð viðskipta með hlutabréf í Kviku banka hf. síðustu fimm viðskiptadaga fyrir greiðsludag hlutafjár-lækkunarinnar. Tillagan er samþykkt með fyrirvara um (1) samþykki Fjármálaeftirlitsins sbr. kröfur reglugerðar ESB nr. 2015/35, sbr. 51. gr. reglugerðar nr. 585/2017, (2) að fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra veiti félaginu undanþágu frá innköllunarskyldu, sbr. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög og (3) að lögboðnum forsendum sé að öðru leyti fullnægt.

Lækkunin verður að nafnverði kr. 250.000.000 eða sem nemur 250.000.000 hlutum í VÍS. Lækkunarfjárhæð sem er umfram nafnverð, eða kr. 1.550.000.000, mun verða færð til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé félagsins.

Að því tilskildu að fyrirvörum hlutafjár-lækkunarinnar verði fullnægt, skal greiðsla til hluthafa innt af hendi svo fljótt sem auðið er, en aldrei fyrr en sjö viðskiptadögum eftir að fyrirvörum er fullnægt. Skal félagið þá senda tilkynningu til kauphallar og upplýsa nánar um framkvæmd lækkunarinnar, þ.m.t. um greiðsludag. Við útgreiðslu til hluthafa skal miða við hlutaskrá félagsins í lok viðskiptadags fimm viðskiptadögum fyrir greiðsludag.

Útgreiðsla hlutafjár-lækkunarinnar er skilyrt við að fjöldi hlutabréfa í Kviku banka hf., sem þarf til útgreiðslu hlutafjár-lækkunarinnar, fari ekki umfram 300.000.000 hluti en sé skilyrðinu ekki fullnægt skal fallið frá hlutafjár-lækkun.

Helgi Bjarnason, forstjóri félagsins, tók til máls og fór stuttlega yfir hugmyndir félagsins að baki tillögunni, þau samskipti sem fulltrúar félagsins hefðu átt við hluthafa við mótun tillögunnar og fyrirhuguð áhrif hlutafjár-lækkunarinnar á fjárhag félagsins.

Því næst gaf fundarstjóri orðið laust um tillöguna.

Guðmundur H. Þorsteinsson lagði fram fyrirspurn til forstjóra um samskipti félagsins við hluthafa í tengslum við tillöguna og var fyrirspurninni svarað af forstjóra.

Árni Hrafn Gunnarsson frá Gildi-lífeyrissjóði tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun af hálfu sjóðsins:

„1. Fyrir hluthafafundinum liggur tillaga um lækkun hlutafjár um kr. 250.000.000 að nafnverði og að kr. 1.800.000.000 verði greiddar til hluthafa með afhendingu hlutabréfa í Kviku banka hf. Tillagan tengist breyttri fjármagnsskipan félagsins. Sjóðurinn gerir ekki athugasemd við breytta fjárhagsskipan félagsins eða lækkun hlutafjár sem af þeirri breyttu skipan leiðir en gerir hins vegar athugasemd við að greiðsla fari fram með hlutabréfum í Kviku banka hf.

2. Það verður að teljast óvanalegt að ráðstafa hlutabréfum í eigu félags til hluthafa sinna. Hlutabréf í Kviku banka hf. eru skráð á First North og virðist vera takmörkuð velta með bréf félagsins á þeim markaði. Þetta felur í sér að ekki er víst að mikil viðskipti muni standa að baki verðviðmiði framlagðrar tillögu, sem er fimm daga meðalverð. Þá munu hluthafar VÍS mögulega eiga erfitt með að koma þessum hlutabréfum í verð, vegna lítillar veltu auk þess sem viðskiptakostnaður er hár ekki síst fyrir minni hluthafa. Að mati sjóðsins er virði þessara hlutabréfa meira í höndum VÍS og væri réttara að þeim yrði komið í verð af hálfu félagsins og andvirði sölunnar þá eftir atvikum dreift til hluthafa að öðru leyti í samræmi við framlagða tillögu.

3. Af framangreindum sökum mun Gildi-lífeyrissjóður greiða atkvæði gegn framlagðri tillögu.“

Svandís Rán Ríkarðsdóttir frá Lífeyrissjóðnum Brú tók til máls og lýsti því mati sjóðsins að gefa hefði átt hluthöfum kost á að velja um hvort þeir fengju afhenda hluti í Kviku banka hf. eða reiðufé.

Fleiri tóku ekki til máls.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa. Fram hafði komið krafa um skriflega atkvæðagreiðslu og var því sá háttur hafður á.

Greidd voru atkvæði um tillöguna. Hluthafar er réðu yfir 79,87% atkvæða greiddu atkvæði með tillögunni (1.106.551.993 atkvæði), en hluthafar er réðu yfir 20,13% greiddu atkvæði á móti (278.814.374 atkvæði). Var tillagan því samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

### 3 Önnur mál löglega fram borin

Engar frekari tillögur lágu fyrir fundinum og gaf fundarstjóri orðið laust.

Enginn tók til máls.

Var fundarstjóra og fundarritara veitt heimild til að ganga frá fundargerð fundarins. Fundargerðin var lesin í lok fundar fyrir þá sem þess óskuðu. Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 16:50.



Gunnar Sturluson, fundarstjóri



Guðbjörg Helga Hjartardóttir, fundarritari

#### **Fundargögn:**

Atkvæðaseðill

Dagskrá fundarins

Ársreikningur samstæðunnar fyrir árið 2017

Drög að nýjum samþykktum félagsins

Fundargerð aðalfundar félagsins 2018

Samstæðuárshlutareikningur félagsins, dags. 31. mars 2018

Skýrsla stjórnar og umsögn endurskoðanda vegna hlutafjárlækkunar

Yfirlýsing stjórnar vegna hlutafjárlækkunar

Upplýsingar um réttindi hluthafa

Ályktunartillögur stjórnar